| Nafn kennara: | *Halldór Torfi Torfason og Guðmundur Óskar Guðmundsson* | Sk.stöfun: | HTT & GÓS |
|---|---|---|---|

**Námsefni:** Sumarhús VMA

**Kennslufyrirkomulag:** Kennslan er að stærstum hluta verkleg og er ýmist framkvæmd utanhúss eða á verkstæði. Fyrirlestrar eru stuttir og hnitmiðaðir um afmarkaða efnisþætti.

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er kennd smíði staðbyggðra timburhúsa með áherslu á undirstöður, burðar– og milliveggi, þakvirki, klæðningu, einangrun, uppsetningu glugga, hurða, stiga og innréttinga auk almenns frágangs.

Meðal þess sem tekið er fyrir er útfærsla einstakra byggingarhluta, efnisval, staðsetning á stoðum, bitum og sperrum auk umfjöllunar um þakkvisti og frágang í kringum þakop.

**Áfanginn** er að mestu leyti verklegur þar sem nemendur fá þjálfun í almennum verkþáttum húsasmíða eins og meðferð áhalda og tækja, notkun smíðisfestinga, yfirborðsmeðferð og öryggis– og gæðamál.

**Lokamarkmið áfanga:** Nemandi hafi hlotið menntun í byggingu staðbyggðra timburhúsa og þekki þar af leiðandi til helstu þátta er varða byggingu slíkra húsa.

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 33–48 | Smíðað 54m$^2$ sumarhús | Burðarvirki og klæðningar utanhúss, ásamt einangrun |
| 33–48 | Ýmis verkefni sem upp koma á önninni | Efnisskýrslur, efnisútreikningar, vélvinnsla og lökkun |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

| Tegund | Námsgögn |
|---|---|
| Ljósrit | Teikningar af sumarhúsi VMA 2010–2011 |
| Annað | **Útveggjaklæðningar**, IÐNÚ 2005<br>**Timburhús** e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 – er til á bókasafni VMA<br>Ýmsar bækur um timburhús – bókasafn VMA |

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Verklegt | Annarpróf | 20% |
| Frammistaða á önn | Í starfseinkunn er horft á virkni nemenda í tímum, áhuga fyrir verkefnum, vinnubrögð og iðjusemi, framfarir og reglusemi, ásamt andlegri og líkamlegri viðveru | 80% |

Kennsluáætlun þessa má einnig finna á http://www.vma.is/namid/

**Munið!**

**Æfingin skapar meistarann ☺**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**